

Skólaráðsfundur 9. janúar 2024

Mætt: Karitas Björnsdóttir, Vigdís Bjarkadóttir, Emma Sif Björnsdóttir, Þ. Elenóra Jónsdóttir, Óla Pétursdóttir, Kristján Leó Steinsson, Óskar Björnsson og Kristbjörg Kemp, sem ritaði fundargerð.

Óskar bauð fundarmenn velkomna á þennan fyrsta fund skólaráðs á þessu skólaári. Í upphafi fundar minnti skólastjóri á að Árskóli var tilnefndur til Íslensku Menntaverðlaunanna og hefur verið glaðst yfir því með ýmsum hætti í skólanum.

Óskar sagði fundarmönnum að ákveða þyrfti fundartíma skólaráðs fram á vor. Rætt um hvort fundir ættu að vera fleiri en einn í mánuði til að vinna upp það sem á vantaði fyrir áramót. Niðurstaðan er sú að fundarplanið gengur út frá einum fundi í mánuði. Fundartíminn verður kl. 12:15 á fimmtudögum. Næsti fundur verður þann 23. janúar nk. Á þeim fundi hyggst Óskar kynna niðurstöður þeirra kannanna sem hafa verið lagðar fyrir. Kannanir sem hann nefndi eru íslenska æskulýðsrannsóknin, Skólapúlsinn og ný könnun HR Monitor, sem kannar viðhorf starfsfólks sveitarfélagsins til vinnustaða sinna. Fundir verða annars haldnir 20. febrúar, 27. mars, 9. apríl og 15. maí.

Einn af fyrirhuguðum fundum verður stærri fundur þar sem stjórn nemendafélagsins, skólaráð og stjórn foreldrafélags skólans halda sameiginlegan vinnufund. Fundurinn verður þann 9. apríl nk. frá klukkan 16-18.

Kristján Leó, fulltrúi nemenda á fundinum, fór yfir fund stjórnar nemendafélagsins sem haldinn var í gær. Hann sagði að þar hefðu valgreinar verið til umræðu, bæði valgreinar sem kenndar eru í FNV svo og valgreinar sem kenndar eru hér í skólanum. All nokkrar umræður sköpuðust í framhaldinu um stundatöflugerð og samspil töflunnar í þessum tveimur skólum, FNV og Árskóla. Einnig var rætt um nauðsyn þess að kennarar beggja skóla fengju tækifæri til að kynna sjálfir valgreinarnar fyrir nemendum. Rætt um áfanga í upplýsingatækni sem 10. bekkingar í Árskóla taka mögulega næsta skólaár. Kristján sagði frá öðru því sem var til umræðu á fundi stjórnar nemendafélagsins.

Fjöldgun nemenda í Árskóla. Þeir nálgast nú 400.

Óskar fór yfir ferlið sem fylgdi því að mygla uppgötvaðist í A-álmú skólans.

Fleira ekki rætt og fundi slitið,
Kristbjörg Kemp.